

Bæjarstjórn Ísafjarðar

Stjórnsýsluhúsinu

400 Ísafirði

Flateyri, 7. febrúar 2021.

**Efni: Beiðni um umsögn bæjarstjórnar vegna fyrirhugaðrar vatnsveitu á Hóli Hvilftarströnd.**


Eins og kunnugt eru landeigendur með það í undirbúningi að byggja upp lögbýlið að Hóli á Hvilftarströnd. Ekki er fyrir hendi nein vatnsveita á svæðinu, en nauðsynlegt er að koma upp góðu vatnsbóli sem tryggir lögbýlinu gott neysluvatn og annar búspörfum. Landeigendur ætla að láta bora eftir vatni og í því sambandi ætla þeir að sækja um vatnsveitustyrk úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, en nú er opið fyrir styrkumsóknir hjá Matvælastofnun.

Slíkri umsókn skulu fylgja tiltekin gögn og þar á meðal umsögn viðkomandi sveitarstjórnar um að skilyrði 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 180/2016 séu uppfyllt.

Í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 180/2016 um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til vatnsveitna á lögbýlum segir; *Heimilt er að greiða árlega framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna stofnkostnaðar við vatnsveitur á vegum eigenda lögbýla þar sem svo háttar til að hagkvæmara er að mati sveitarstjórnar að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum, sbr. 2. mgr. 1. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga, nr. 32/2004.*

Undirrituð óska því hér með eftir umsöng bæjarstjórnar um að skilyrði 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 180/2016 séu uppfyllt, en engin vatnsveita er í návígi við lögbýlið.

Virðingarfyllt,



Birkir Þór Guðmundsson og Kristín Björg Albertsdóttir